



Starfsreglur Sóleyjar

styrktarsjóðs Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

2022 – 2024

1. Sjóðurinn

Sjóðurinn nefnist Sóley og er til heimilis að Hamraborg 9, 200 Kópavogi. Umsjón og ábyrgð sjóðsins er hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH).

Meðal áhersluverkefna í Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 eru nýsköpunar- og samkeppnisverkefni á sviði velferðar- og samfélags- og umhverfis- og samgöngumála. Framfylgd þess verkefnis felur í sér að veittir verða styrkir til samstarfs- og nýsköpunarverkefna í hvorum málaflokki. Er starfsreglum þessum ætlað að skapa umgjörð um verklag vegna þeirra styrkveitinga, svo og annarra styrkveitinga a grundvelli sóknaráætlunar, eftir því sem við á.

2. Úthlutunarnefnd

Stjórn SSH skipar úthlutunarnefnd þriggja einstaklinga vegna hvernar úthlutunar úr sjóðnum. Skal einn þeirra skipaður án tilnefningar. Að öðru leyti skal skal metið hverju sinni hverjir tilnefni fulltrúa í úthlutunarnefnd, en ætla má að það fari eftir eðli verkefna hverju sinni. Gætt skal að því að óska tilnefninga frá aðilum er hafi þekkingu á viðkomandi málaflokki hverju sinni. Gert er ráð fyrir því að skrifstofa SSH leggi, fyrir hverja fyrirhugaða úthlutun, fram tillögur til stjórnar SSH um hverjir skuli tilnefna í úthlutunarnefnd. Skipun í nefndina hverju sinni tekur til fyrirhugaðrar úthlutunar og er því ekki miðuð við ákveðið tímamark.

Hver tilnefningaraðili ber kostnað vegna síns fulltrúa. Hlutverk úthlutunarnefndar er að auglýsa eftir umsóknum um styrki, fara yfir innsendar umsóknir og leggja tillögur um styrkveitingar fyrir stjórn SSH, tilkynna styrkþegum um styrkveitingar og gera samninga um verkefni sem hljóta styrki samkvæmt starfsreglum sjóðsins.

Við gerð tillagna um þau verkefni sem hljóta skuli styrk skal byggja á faglegu mati, og skal gætt að jafnræði og hlutleysi. Þau sem sitja í úthlutunarnefnd skulu jafnframt gæta að hæfisreglum, með hliðsjón af ákvæðum stjórnsýslulaga og sveitarstjórnarlaga, og víkja sæti ef fyrirbyggjandi eru aðstæður sem eru til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni við val á verkefnum.

3. Tekjur

Framlög til sjóðsins eru ákvörðuð af stjórn SSH hverju sinni. Tekjum sjóðsins skal ráðstafað til samræmis við Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024.

4. Auglýsingar

Stjórn SSH tekur ákvörðun um hvenær auglýst skuli eftir styrkumsóknum. Auglýsing skal birt a.m.k. á heimasíðu SSH og í einum fjölmíðli sem er aðgengilegur á landsvísu.

Í auglýsingu eftir styrkumsóknum skal m.a. koma fram:

- Hvaða skilyrði verkefni þurfi að uppfylla til að teljast styrkhæf.
- Hverjir geti sótt um styrki.
- Hver umsóknarfrestur sé, en miða skal við að hann sé að lágmarki 20 dagar frá birtingu auglýsingar.
- Hvenær ákvörðun um úthlutun liggi fyrir, en miða skal við að það sé innan tveggja mánaða frá lokum umsóknarfrests.
- Hver hámarksfjárhæð úthlutunar til einstakrar styrkumsóknar sé og hve mikið fé sé til úthlutunar.
- Hvaða skilyrði umsóknir þurfi að uppfylla svo þær komi til álita við úthlutun.
- Að úthlutunarnefnd áskilji sér rétt til að leggja til að öllum umsóknum verði hafnað.



Jafnframt skal í auglýsingu taka fram hvar nálgast megi umsóknarblöð með rafrænum hætti og reglur þessar.

Ef færri en 15 umsóknir berast vegna einstakrar úthlutunar er skrifstofu SSH heimilt, í samráði við úthlutunarnefnd, að auglýsa að nýju eftir styrkumsóknum. Skal viðbótarumsóknarfrestur sem kemur til vegna þess ekki vera lengri en 15 dagar frá birtingu slíkrar auglýsingar.

5. Umsókn um styrk

Umsókn skal gerð með rafrænum hætti á þar til gerðu eyðublaði.

Í umsókn skal koma fram rökstuðningur þess að verkefni það sem sótt er um styrk vegna sé í samræmi við þau skilyrði sem fram koma í auglýsingu um einstakar úthlutanir.

Jafnframt skulu umsækjendur sýna fram á getu til að hrinda verkefninu í framkvæmd og með umsóknum skal fylgja, eftir því sem við á, greinargóð lýsing á verkefninu, verk- og tímaáætlun, ítarleg fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun), upplýsingar um aðra fjármögnun verkefnis og upplýsingar um eignarhald og rekstrarform ef við á.

6. Úthlutun styrkja

Úthlutunarnefnd skal meta hvort verkefni sem sótt er um styrk vegna teljist uppfylla þau skilyrði sem eru sett fyrir styrkveitingu hverju sinni. Þá metur úthlutunarnefnd hvort einstakar umsóknir séu settar fram til samræmis við 5. gr. Ef svo er ekki skal umsókn ekki tekin til efnislegrar meðferðar.

Úthlutunarnefnd skilar tillögum um styrkþega til stjórnar SSH sem tekur endanlega ákvörðun um hvaða verkefni hljóti styrk.

Sé mat úthlutunarnefndar það að engin umsókn uppfylli skilyrði fyrir styrkveitingu er nefndinni heimilt að leggja til við stjórn SSH að öllum fyrirbyggjandi umsóknum verði hafnað og að auglýst verði að nýju eftir umsóknum.

Úthlutunarnefnd skal tilkynna öllum umsækjendum um afdrif umsókna þeirra eftir að ákvörðun stjórnar SSH liggur fyrir. Ekki skal tilkynna um styrkþega á vefsíðu SSH fyrr en styrkþegar hafa undirritað samning.

Gera skal við styrkþega sérstakan samning sem eftir atvikum kveður á um fyrirkomulag greiðslu, skil á skýrslum og eftirfylgni, t.a.m. gerð framvindu-, áfanga- og/eða lokaskýrslna. Hafi samningur ekki verið undirritaður við styrkþega að 6 vikum liðnum frá tilkynntri úthlutun fellur styrkveitingin niður.

Þegar úthlutun hefur verið kunngjörð er um að ræða endanlega niðurstöðu. Ekki er hægt að fara fram á endurmat á einstökum umsóknum.

7. Trúnaður og meðferð persónuupplýsinga

Umsóknir og þau viðhengi sem henni fylgja flokkast sem trúnaðargögn og skulu meðhöndluð sem slík. Gögnin eru eingöngu notuð við mat á umsóknum og eru ekki aðgengileg öðrum en úthlutunarnefnd og stjórn SSH eftir því sem nauðsyn ber til við mat stjórnar á tillögum nefndarinnar. Öll umsóknargögn eru varðveitt í málaskrá málaskrá sjóðsins. Ávallt skal verða að ósk umsækjanda um að eyða öllum gögnum sem tengjast umsókn viðkomandi eigi engar takmarkanir á þessum réttindum við.

8. Birting

Reglur þessar og rafræn umsóknareyðublað skulu birt með aðgengilegum hætti á heimasíðu SSH.

9. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 13. júní 2022. Samhliða falla úr gildi eldri starfsreglur fyrir sjóð Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir nýsköpun og sjálfbærni í ferðaþjónustu.